

14

## Það hefur vantað Keflavíkurhrokann

- segir Magnús Þór Gunnarsson  
sem mun stýra Keflvíkum í næsta leik

# Munið bílalúgurnar

Opið alla daga 9-21  
Lyfjaval Reykjanesi

Lyfjaval  
HEILSA & HAMINGJA

# VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVÍKUDAGUR 5. FEBRÚAR 2025 // 5. TBL. // 46. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Berglind Kristjánsdóttir og Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir undirrituðu kaupsamning á Grænásbraut 910 á dögumum.

## Reykjanesbær kaupir skólahúsnæði Keilis

Reykjanesbær hefur fest kaup á húsnæði Keilis á Ásbrú. Starfsemi Keilis hefur breyst mikið og hefur ekki haft þörf fyrir allt húsið um nokkurt skeið. Keilir mun starfa áfram í hluta af húsnæðinu fyrst um sinn en Reykjanesbær kemur til með að nýta hluta þess undir margvíslega starfsemi fyrstu árin. Þegar til lengri tíma er litið má gera ráð fyrir að húsnæðið verði nýtt fyrir menntastofnun í Ásbrúarhverfi sem er í örur vexti.

Á næstu vikum munu bæjar-skrifstofur Reykjanesbæjar flytja sig um set í fyrrum húsnæði Keilis. Til stendur að gera endurbætur á núverandi húsnæði starfseminnar á Tjarnargötu 12.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hyggst leigja aðstöðu fyrir nám í fótaaðgerðafræði og Leikskólinn Drekaðalur verður áfram með starfsemi þar til nýja leikskólahúsið við Drekaðal verður tilbúið í vor.

## Í blíðu og stríðu

Augu flestra eru á Svartsengi og næsta nágrenni þessa dagana. Það liggur fyrir að kvikuhlaups eða eldgoss er að vænta. Þá er horft til veðurs, sem getur haft áhrif á mælitæki og þar með möguleikana til að bregðast fyrr við aðstæðum sem koma upp. Þessi mynd var tekin í blíðunni síðasta föstudag. Það hefur ekki verið sama blíðan í þessari viku. Vonandi fara náttúruöflin blíðum höndum um okkur en þegar þetta tölublað Víkurfréttar er gefið út er í gildi appelsínugul veðurviðvörðun fyrir landið allt. VF/Hilmar Bragi

# Mikill áhugi á Helguvíkurhöfn

■ NATO vill olíubirgðastöð fyrir skipagasolíu ■ Verkefnið passa vel við sýn um hringrásariðngarð í Helguvík

Helguvík er sýndur mikill áhugi um þessar mundir undir verkefni fyrir hafnsækna starfsemi. Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs hjá Reykjanesbæ, segir í samtali við blaðið að þau verkefni sem séu til skoðunar passi öll við þá sýn að í Helguvík sé hringrásariðnaður með grænni nýtingu og sjálfbærni.

Vel þurfi að vanda til verka þegar verkefni eru valin og miðað við þær fyrirspurnir sem eru í gangi núna og ef öll þau verkefni yrðu að veruleika væri ljóst að Helguvíkurhöfn annaði ekki eftirspurn. „Þá yrðum við að segja nei við einhverjum þessara verkefna,“ segir Halldór Karl. Þessi áhugi á hafnaraðstöðu setur á sama tíma þrýsting á fyrirtæki að hraða ákvarðanatöku, þar sem hafnaraðstaða á suðvesturhorninu sé í dag takmörkuð auðlind.

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE), fyrir hönd utanríkisráðuneytis og Landhelgisgæslu Íslands, áformar að byggja nýja olíubirgðastöð fyrir skipagasolíu við Helguvík. Jafnframt er áformað að gera viðlegukant við suðvestan-

verða Helguvíkurhöfn í samstarfi við Reykjaneshöfn og Vegagerðina.

Framkvæmdin er kostuð af mannvirkjasjóði Atlandshafsbandalagsins (NATO).

Framkvæmdin felur í sér gerð viðlegukants við Suðurbakka Helguvíkurhafnar og uppbyggingu olíubirgðastöðvar fyrir skipagasolíu sunnan hafnarinnar. Reiknað

er með tveimur 15.000 m<sup>3</sup> olíugeymum, alls 30.000 m<sup>3</sup> geymum fyrir skipaeldsneyti við Helguvík.

Reiknað er með að í byrjun árs 2025 verði lögð fram umsókn í mannvirkjasjóð NATO og hálfu ári seinna verði hægt að hefja vinnu við hönnun mannvirkja, undirbúning útboðs o.fl. Framkvæmdir gætu því hafist á seinni hluta árs 2026 eða byrjun árs 2027. Reiknað er með að framkvæmdir við eldsneytisgeyma og þjónustuhúss taki um tvö til tvö og hálf ár, segir í greinargerð framkvæmdaaðila.

Halldór Karl segir að Suðurbakki Helguvíkurhafnar geti orðið rúmlega 400 metra langur. Um helmingur þess rýmis yrði fyrir NATO. Við Suðurbakka er einnig gert ráð fyrir aðstöðu fyrir svokölluð ekjuskip. Norðurbakki er í dag 150 metra langur viðlegukantur en skipulag fyrir Helguvíkurhöfn gerir ráð fyrir að hann verði 300 metra langur fullbyggður.



8-9



Svanur ræktar  
kjúklinga í Grindavík

12



Stapasafn  
opnað almenningi

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM





Gas og gufa stígur upp af gossprungunni og hrauninu á Sundhnúkgígiröðinni. Augu samfélagsins eru á svæðinu og í raun beðið eftir næsta atburði og hvaða afleiðingar hann getur haft. VF/Hilmar Bragi

# Prófanir á neyðarhitaveitu í Rockville í undirbúningi

■ Setja upp tvo gufukatla á Fitjum. Ætlað að koma í veg fyrir neyðarástand ef heitt vatn hættir að berast frá Svartsengi vegna náttúruhamfara.

Eins og greint var frá í Víkurfréttum í síðustu viku hefur verið sett upp neyðarhitaveita í Rockville á Miðnesheiði og til stendur að setja upp búnað vegna neyðarhitaveitu á Fitjum. Vatni sem verður veitt frá þessum búnaði er ætlað að halda veitukerfum á þjónustusvæðinu frostfríum. Um er að ræða samstarfsverkefni stjórnvalda, HS Orku og HS Veitna með aðstoð ÍSOR, borfyrirtækja og annarra verkta.

Á vef HS Veitna segir að fyrsti hluti verkefnisins sé nú langt kominn sem felst í því að nýta lághita sem fannst í Rockville sem hluta af neyðarhitaveitu fyrir Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Voga. Með því er gert ráð fyrir að mögulegt verði að halda veitukerfum frostfríum. Mun það gagnast ef á reynir þar sem tankveitan svokallaða sem gripið var til í heitavatsleysi í febrúar á síðasta ári skilaði því að minni skemmdir urðu á lagnakerfi þar sem tókst að halda velgju á lögnum og hitaveitunni komið í jafnvægi fyrr en ella.

Vegna efnasamsetningar jarðhitavökvans í Rockville er ekki mögulegt að tengja hann beint inn á hitaveituna og því þarf að nýta varmann til forhitunar á köldu vatni sem síðan er dælt inn á veitukerfi HS Veitna.

## Heitavatspípa tengir innviði

Til þess þurfti að koma upp tæknilega flóknum búnaði við borholuna og hefur hönnun, smíði og kaup á þeim búnaði staðið yfir síðustu mánuði. Hafa HS Veitur lagt heitavatspípu sem tengir umrædda innviði við stofnæð hitaveitu og



Búnaður neyðarhitaveiunnar í Rockville. VF/Hilmar Bragi

eru prófanir nú í undirbúningi. Að því loknu verður gengið frá búnaðinum þannig að hann verði tiltækur ef á þarf að halda. Afkastageta neyðarkyndistöðvarinnar í Rockville verður um 50 l/s af 85°C heitu vatni.

Til að auka afköst neyðarhitaveitunnar verður í næsta fasa unnið að því að koma upp samskonar neyðarkyndistöð á Fitjum í Reykjanesbæ.

Þar sem engin lághitahola er á Fitjum er gert ráð fyrir tveimur gufukötlum sem geti skilað álika miklu magni, um 50 l/s af 85°C heitu vatni. Er sá búnaður á leið til landsins og í undirbúningi að útbúa undirstöður fyrir búnaðinn. Í framhaldi er ætlunin, með áframhaldandi stuðningi stjórnvalda að skoða hvort einni neyðarkyndistöð af sömu stærð verði bætt við.

## Kemur í veg fyrir neyðarástand

Samtals afkastageta neyðarhitaveitunnar gæti þá orðið um 150 l/s af 85°C heitu vatni ef farið verður alla leið í uppsetningu búnaðar. Til samanburðar hefur heitavatsnotkun í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og vogum numið 450 l/s að jafnaði yfir árið en álagið er mismunandi eftir árstíðum og meira að vetri til.

Neyðarhitaveitunni er ætlað að koma í veg fyrir neyðarástand ef heitt vatn hættir að berast frá Svartsengi vegna náttúruhamfara.

Magninu af heitu vatni er ætlað að duga til að draga úr líkum á frostskeiddum fasteigna á svæðinu en óvíst er hverju hún mun skila til upphitunar húsa enda fer það mikið eftir útilitastigi við slíkar aðstæður. Með því að halda húsum frostfríum getur neyðarhitaveitan í það minnsta auðveldað íbúum að ná upp lágmarkshita í húsum með rafkyndingu ef á reynir.

Þetta verkefni er það fyrsta sinnar tegundar hér á landi og því um þróunarverkefni að ræða. Endanleg virkni neyðarhitaveitunnar er því ekki alveg fyrirsjáanleg, segir í tilkynningu frá HS Veitum.

**Allt hreint**  
Umhverfissvöluð ræstingarþjónusta

**HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [ALLTHREINT.IS](http://ALLTHREINT.IS)



**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**  
**SUÐURNES - REYKJAVÍK**  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

Pantið flutning á [cargoflutningar.is](http://cargoflutningar.is)

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## Segja upp þjónustu sem einstaklingar með lögheimili í Grindavík eru að nýta

Bæjarráð Suðurnesjabæjar telur að þriggja mánaða uppsagnarfrestur Grindavíkurbæjar á samningi um rekstur sameiginlegra þjónustuúrræða fyrir fatlað fólk á Suðurnesjum sé of skammur. Bæjarráðið leggur áherslu á að uppsagnarfrestur sé a.m.k. sex mánuðir, m.a. vegna þess að brotthvarf Grindavíkurbæjar úr samstarfinu mun hafa veruleg áhrif á fjárhagsáætlanir hinna samstarfsveitarfélaganna.

Félagsþjónusta og sameiginlegur rekstur sveitarfélaga á Suðurnesjum var til umræðu á síðasta fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar. Grindavíkurbær hefur sagt upp samningi og hættir samstarfi um Hæfingarstöðina og Björgina í

Reykjanesbæ og skammtíamvistun í Heiðarholti í Suðurnesjabæ með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá og með 1. janúar.

Í afgreiðslu bæjarráðs Suðurnesjabæjar segir að því þyki miður að Grindavíkurbær gangi út úr

sameiginlega reknum úrræðum sveitarfélaganna á Suðurnesjum, sér í lagi þar sem einstaklingar með lögheimili í Grindavík nýta þá þjónustu sem úrræðin veita.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur einnig áherslu á að Grindavíkurbær tryggi að nauðsynlegum upplýsingum um áhrif ákvörðunar þeirra verði komið á framfæri með skýrum hætti við þá einstaklinga og fjölskyldur sem úrsögnin mun hafa áhrif á.

## Hefur skilning á að Grindavíkurbær gangi út úr sameiginlega reknum úrræðum

Reykjanesbær hefur móttakið uppsögn Grindavíkurbæjar á samningi um sameiginlegan rekstur sveitarfélaganna á Suðurnesjum á skammtíamvistun í Heiðarholti, Hæfingarstöð og Björginni. Í bókun bæjarráðs Grindavíkurbæjar þann 14. janúar sl. kemur fram að uppsögnin taki gildi 1. janúar 2025 með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur skilning á að Grindavíkurbær gangi út úr sameiginlega reknum úrræðum sveitarfélaganna á Suðurnesjum í ljósi aðstæðna, en leggur þó áherslu á að uppsagnir séu gerðar með eðlilegum fyrirvara, sér í lagi þar sem einstaklingar með lögheimili í Grindavík nýta þá þjónustu sem úrræðin veita. Þetta

kemur fram í afgreiðslu bæjarráðs Reykjanesbæjar á uppsögn Grindavíkurbæjar á sameiginlegri þjónustu sveitarfélaga. Á fundinum var tekið fyrir erindi frá Grindavíkurbæ um uppsögn samnings um rekstur sameiginlegra úrræða í Reykjanesbæ, Hæfingarstöðvar og Bjargarinnar.

Þá telur bæjarráð að þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé of skammur og leggur áherslu á að uppsagnarfrestur sé a.m.k. 6 mánuðir, m.a. vegna þess að brotthvarf Grindavíkurbæjar úr samstarfinu mun hafa veruleg áhrif á fjárhagsáætlanir hinna samstarfsveitarfélaganna. Bæjarráð Reykjanesbæjar leggur einnig áherslu á að Grindavíkurbær tryggi að nauðsynlegum upplýsingum um áhrif ákvörðunar þeirra verði komið á framfæri með skýrum hætti við þá einstaklinga og fjölskyldur sem úrsögnin mun hafa áhrif á.



# Heilsu- & lífsstílsdagar

30. janúar–9. febrúar

Allt að 25% afsláttur af um 3.000 heilsu- og lífsstíls-  
vörum og vegleg apptilboð á hverjum degi.

6. febrúar  
fimmtudagur



40%  
applsáttur

**Sonett**

7. febrúar  
föstudagur



50%  
applsáttur

**Bio-Kult**  
Original og Candéa

8. febrúar  
laugardagur



40%  
applsáttur

**Iceherbs**

9. febrúar  
sunnudagur



40%  
applsáttur

**Sukrin**

6. febrúar  
fimmtudagur



50%  
applsáttur

**Vatnsmelóna**  
(kg)

7. febrúar  
föstudagur



50%  
applsáttur

**Túrmerik**  
(125 g)

8. febrúar  
laugardagur



50%  
applsáttur

**Engiferrót**  
(150 g)

9. febrúar  
sunnudagur



50%  
applsáttur

**Kíví**  
(kg)

Heilsu- & lífsstílsdagar  
30. janúar–9. febrúar 2025

Um 3.000 heilsuvörur á tilboði!

ALLT AÐ  
25%  
AFSLÁTTUR  
OG APPTILBOÐ Á  
HVERJUM DEGI!

Bla. 6  
MUNA vítamín  
Íslensk framleiðsla  
fyrir þína heilsu

Bla. 23  
Katrín Amni Friðriksdóttir  
Kávíta  
„Svona kemst ég brosandí  
gegnum íslenska veturinn“

Bla. 36  
Ónnur Borgþórsdóttir  
Marðastína  
Ekkert máli að  
vera vegan

**nettó**  
Ódýrt fyrir heilsuna



Afslátturinn birtist  
sem inneign í appinu.  
Sæktu appið og  
byrjaðu að spara!



Skannaðu kóðann til  
að lesa greinarnar  
í blaðinu, skoða  
tilboð og uppskriftir.

**nettó**  
Ódýrt fyrir heilsuna





Hreiðar Hreiðasson og Kristján Pétur Kristjánsson ásamt Berglinda Kristinsdóttir.

## Eldey opnar á nýjum stað á Ásbrú

Eldey frumkvöðlasetur opnar á ný í glæsilegu skrifstofuhótel sem opnað hefur verið að Keilisbraut 773 á Ásbrú. Þar gefst frumkvöðlum á Suðurnesjum kostur á að vinna að viðskiptahugmyndum sínum og þróa þær áfram í raunveruleg viðskiptatækifæri.

Berglinda Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri SSS, skrifaði undir samning um leigu fyrir setrið við Mygroup ehf. á dögunum og má á myndinni sjá fulltrúa þeirra, þá Hreiðar Hreiðasson og Kristján Pétur Kristjánsson.

„Það er afar ánægjulegt að geta aftur boðið upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla sem eru að vinna að nýsköpunarverkefnum á Suðurnesjum. Kovin setrið mun hýsa Eldey að minnsta kosti til tveggja ára. Við bindum vonir við að verkefni þetta, sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja, verði til þess að styðja frekar við stöðkerfi nýsköpunar á Suðurnesjum og hvetja til frekari samstarfs hagsmunaaðila á svæðinu,“ segir Berglinda.



Í húsnæðinu er boðið upp á skrifborð í opnu vinnurými með aðgangi að kaffistofu, fundarsölum, setustofu og þráðlausu neti en aðgangur er allan sólarhringinn. Verkefnastjóri atvinnuþróunar og nýsköpunar verður með fasta viðveru í setrinu einu sinni í viku og geta frumkvöðlar nýtt sér ráðgjöf hans.



Aðstaða er mjög góð í nýju Eldey.



Hér verður steypustöðin staðsett. Gamla sorpeyðingarstöðin sést í baksýn.



Þorsteinn Víglundsson.

# BM Vallá byggir nýja steypustöð á Ásbrú

„Spennt að koma inn á þennan markað og höfum mikla trú á framtíðaruppbyggingu í Reykjanesbæ og nágrenni,“ segir Þorsteinn Víglundsson.

BM Vallá hyggst taka í gagnið nýja og glæsilega steypustöð í Reykjanesbæ í maí á þessu ári. „Við erum spennt að koma sterk inn á þennan markað og höfum mikla trú á framtíðaruppbyggingu í Reykjanesbæ og nágrenni,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Þorsteinn segir að svæðið hafi vaxið hratt í vaxandi íbúðabygging og mikil uppbygging fyrirhuguð í tengslum við flugvöllinn. Auk þess hafi færst aukinn kraftur í uppbyggingu Nato á flugvallarsvæðinu á undanförunum árum.

„Við gerum ráð fyrir að þjóna öllu Reykjanesinu og Hafnarfirði frá stöðinni á Ásbrú. Því höfum við valið afkastamikla og öflugra stöð sem mun auka umtalsvert þjónustustigið við byggingariðnað á Reykjanesinu.

BM Vallá, sem er eini gæðavottaði steinsteypuframleiðandinn hér á landi, hefur lagt mikla áherslu á að draga úr kolefnisspori framleiðslu sinnar og er með lægsta kolefnisspori íslenskra steinsteypuframleiðenda í dag.

„Sjálfbærni og umhverfisáherslur eru lykilþættir í starfsemi BM Vallár og með nýju stöðinni verður sérstök áhersla lögð á að lágmarka umhverfisáhrif frá framleiðslunni. Það verður gert með háþróaðri endurvinnslustöð sem endurvinnur afgangssteypu og allt skolvatn sem fellur til frá steypustöðinni, steypubílum og dælum. Þessi búnaður og



tækni gerir að verkum að mögulegt verður að endurnýta hráefnin að fullu í framleiðsluferlinu ásamt því að tryggja að engin óæskileg úrgangsefni fari í fráveitukerfi Reykjanesbæjar. BM Vallá býður upp á Berglindi, vistvænni steypu, sem er með minnsta kolefnisspor steypugerða á markaði. Fyrirtækið vinnur stöðugt að því að hámarka nýtingu hráefna með sjálfbærari framleiðslu og betri nýtingu auðlinda.“

Þorsteinn segir mikinn spenning vera vegna opunarinnar í Reykjanesbæ.

„Við erum full tilhlökkunar að hefja starfsemina í Reykjanesbæ nú í vor. Það hefur einnig verið mjög ánægjulegt að eiga samstarf við Reykjanesbæ í tengslum við uppsetningu þessarar starfsemi. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu mættu gjarnan taka sér vinnubrögð í Reykjanesbæ sér til fyrirmyndar. Úthlutun lóðar, vinnsla deiliskipulags og öll stjórn-sýsla bæjarins hefur verið einstaklega skilvirk og vönduð í alla staði,“ segir Þorsteinn.

## Fræðslumál starfsmanna í forgang hjá Samkaupum

Samkaup hefur ráðið Drífu Lind Harðardóttur í stöðu fræðslustjóra í mannauðsteymi fyrirtækisins á verslana- og mannauðssviði. Drífa mun stýra og þróa fræðslu- og þjálfunarmálum fyrirtækisins, ásamt því að veita starfsfólki stuðning í daglegum störfum. Drífa hefur nú þegar hafið störf.

Drífa hefur víðtæka reynslu af þróunarstörfum í mannauðsmálum, sem snúa bæði að almennri starfsþróun og verkefnastjórnun. Drífa er grunnskólakennari að mennt úr Kennaraháskóla Íslands og með meistaraþráðu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Starfaði hún seinast sem verkefnastjóri í Sjálandsskóla í Garðabæ, mannauðsstjóri hjá Klettabæ og aðstoðarskólustjóri í Grunnskólanum í Stykkishólmi.

Staða fræðslustjóra er ný staða innan Samkaupa, en fyrirtækið hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í fræðslu- og þjálfunarmálum sem

unnið hefur verið að síðustu ár. „Fræðsla og þjálfun starfsfólks eru lykilatriði fyrir vaxandi fyrirtæki. Með markvissri nálgun stuðlum við að auknum gæðum í þjónustu, auðveldum innleiðingu nýjunga og gerum vinnustaðinn okkar betri, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavin,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannauðssviðs, um nýja stöðu.

„Við erum ánægð að fá metnaðarfulla manneskju eins og Drífu Lind inn í teymið, og hlökkum til að leyfa henni að móta betur framtíð fræðslumála innan fyrir-



tækisins. Við vonum að reynsla hennar og ástríða fyrir mannauðsmálum muni lyfta öllu starfi á sviði starfsþróunar,“ bætir Gunnur Líf við.

Helstu markmiðin eru að fræðsla og þjálfun verði viðurkennd leið

til að ná árangri á öllum sviðum fyrirtækisins. „Heilt yfir á fræðsla og þjálfun að vera til hagsbóta fyrir allt starfsfólk, stjórnendur og viðskiptavin Samkaupa. Ég hlakka til að innleiða mína þekkingu, bæði í kennslu og mannauðsmálum

í þessari stöðu, og er spennt að takast á við nýjar áskoranir á dagvörumarkaði, enda nokkuð ólíkur vinnustaður frá kennslustofunni,“ segir Drífa Lind.

### Um Samkaup

Samkaup reka rúmlega 60 smávöruslanir víðs vegar um landið. Viðskiptavinir Samkaupa geta valið á milli helstu verslanakeðja félagsins. Þær eru Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin og Iceland. Staða Samkaupa er áberandi og sterk, bæði utan og innan höfuðborgarsvæðisins. Félagið býður upp á myndarlegar verslanir, fjölbreytt vöruúrval og sanngjarnt verð.



# Takk!

**Víkurfrettir þakka þeim fjölmörgu bæjarbúum sem tóku þátt í gerð afmæliskvikmyndar í tilefni af 30 ára afmæli Reykjanesbæjar**



## REYKJANESBÆR 30 ÁRA

**AFMÆLISMYND VÍKURFRÉTTA**



**Myndina má nálgast á vef Víkurfrétta og í rafrænni útgáfu blaðsins á vf.is**



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



F S N N I R R O P R É Ð Ú K S  
 A V Æ R U L A H A G A É A P T  
 X I N T S Ú P M G K T F P D A  
 A Ð S I L Ó U B A E B R G R K  
 F T P A N L N B S Á P K N Ó K  
 L S U M A R Æ G T A U G I S S  
 Ó D N G U L Ó U A S M É T Ó F  
 I Á Ð A P Ú R J S M T A N S J  
 É G A R S P T Ú T É F S Æ G Ö  
 Á T A Ð A T S M A S B A V E R  
 R I S A N Y E R I M S Æ R S Ð  
 U N E R Á Ð A R U M L I Ö E U  
 G Ó 8 N N U Ð U A P M A K T R  
 A R Ö J B Ð U A R Á F A R Í A  
 M D S A R A G N I G G Y R T R

RÍKISSTJÓRNIN  
 SAMSTAÐA  
 ÖRVÉNTING  
 GARÐAR  
 KAFBÁTUR  
 FAXAFLÓI  
 TRYGGINGAR  
 STAKKSFJÖRÐUR  
 HALUR  
 AUÐUNN

RAFMAGN  
 ÍRAFÁR  
 DRÓNI  
 BAKAÐ  
 ILMUR  
 ÞORRINN  
 SVIÐ  
 TAUG  
 RÁÐA  
 MAGUR

Gangi þér vel!

# Hvers eiga húseigendur að gjalda?

Nýlega barst til okkar húseigendur í Reykjanesbæ álagningarseðill fasteignagjalda fyrir árið 2025. Mér var brugðið þegar ég sá fjárhæðina! En fyrir mitt raðhús þarf ég nú að greiða 540 þúsund krónur á ári til sveitarfélagsins án vatnsgjalds. Þegar betur er að gáð má sjá að fasteignaskatturinn er 217 þúsund, lóðarleiga er 163 þús, fráveitugjald er 87 þúsund og sorphjónusta er 70 þúsund krónur. Það kann að vera erfitt að segja til um hvað sé sanngjarnt að greiða til sveitarfélagsins fyrir að eiga húseign, en e.t.v. er sanngjarnt að bera það saman við nágrennasveitarfélög af sambærilegri stærð, eins og t.d. Garðabæ, Hafnarfjörð og Kópavog. Ég gróf upp húseign í Garðabæ með sama fasteignamat og mitt raðhús og fann þá út að þar myndi ég aðeins greiða 350 þúsund fyrir sömu gjaldaliði. Þannig greiði ég 190 þúsund krónum meira, eða 54% hærri fasteignagjöld fyrir mína eign en ég hefði þurft að greiða ef ég væri búsettur í Garðabæ! Það finnst mér óhóflega mikill mismunur og fróðlegt væri að vita hvernig sveitarfélagið okkar skýrir þennan mismun.

Til að fullvissa mig hvort þetta væri eins í öðrum sveitarfélögum gróf ég upp gjaldskrá sambærilegra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, n.t.t. Garðabæ, Kópavog og Hafnarfjörð. Það staðfestir að álagning fasteignaskatts er 15–56% hærri, álagning lóðarleigu er 275–355% hærri og loks álagning fráveitu-/holræsagjalds er 8–73% hærri í Reykjanesbæ.



Hvað ætli skýri þennan gríðarlega mismun á milli þess sem við

legra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, n.t.t. Garðabæ, Kópavog og Hafnarfjörð. Það staðfestir að álagning fasteignaskatts er 15–56% hærri, álagning lóðarleigu er 275–355% hærri og loks álagning fráveitu-/holræsagjalds er 8–73% hærri í Reykjanesbæ. Hvað ætli skýri þennan gríðarlega mismun á milli þess sem við

húseigendur í Reykjanesbæ þurfum að greiða fyrir húsnæði okkar? Er gjald fyrir afnot af lóð undir húsin okkar í alvöru þrisvar til fjórum sinnum dýrara en á höfuðborgarsvæðinu? Þetta er allavega óhóflega mikill munur og ástæða til að óska eftir skýringum á því sem liggur að baki þessum mismun?

## Skipaskrárnúmerið 617 í 50 ár í Sandgerði

Miklir eru öfgarnir í veðurfarinu. Janúar var feikilega góður mánuður og í raun mætti segja að mánuðurinn hafi verið óvenjulega góður því það voru fáir brælundagar og meira segja nokkrir handfærabátar náðu að fara á sjóinn í janúar. Samt sem áður, eins góður og janúar var þá tóku veðurguðirnir við sér og byrjuðu með brælufla 30. janúar og þessi kafli stendur ennþá yfir þegar þessi pistill er skrifaður.



### AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



Þannig að fyrsta vikan í febrúar byrjar ekki beint glæsilega. Veioin hjá bátunum var mjög góð og við hendum okkur beint í línubátanna, förung svo í dagróðrabátanna en þeir áttu mjög góðan mánuð.

tonn í ellefu, Hulda GK með 76 tonn í þrettán og Kristján HF 88 tonn í níu, allir þessir bátar lönduðu í Sandgerði, nema að Kristján HF var með 37 tonn í þremur róðrum í Sandgerði og restin var í Grindavík.

Hæstur af bátunum sem lönduðu á Suðurnesjunum var Óli á Stað GK sem var með 211 tonn í 22 róðrum og mest 14 tonn. Fjölur GK náði líka yfir 200 tonna afla og var með 202 tonn í tuttugu róðrum, mest 17,7 tonn. Hjá þessum tveimur bátum var Óli á Stað GK með 74 tonn landað í Grindavík í sjö róðrum, restin var í Sandgerði og þar var stærsta löndun bátsins. Hjá Fjölni GK var 100 tonnum landað í Grindavík í tíu róðrum, 10 tonnum í Keflavík og restinni í Sandgerði, um 92 tonn og í Sandgerði var stærsta löndun bátsins, 17,7 tonn. Margrét GK var með 187 tonn í níttján róðrum og mest 13,5 tonn. Nokkuð langt var í næstu báta. Hópsnes GK var með 139 tonn í átján, Gísli Súrsson GK með 131 tonn í ellefu en hann byrjaði á Stöðvarfirði, kom síðan til Grindavíkur og kom svo með 15,8 tonna löndun til Sandgerðis. Vésteinn GK með 116 tonn í níu róðrum, hann hætti að róa 21. janúar en hann fór reyndar í róður frá Keflavík núna í byrjun febrúar og var þá með línuna skammt utan við Leiruna. Afliinn var tregur, rétt um 2,5 tonn.

Afli netabátanna var frekar tregur. Erling KE var með 84 tonn í fimmtán róðrum og mest 12,9 tonn og Friðrik Sigurðsson ÁR var með 76 tonn í átján róðrum og mest um 10 tonn í einni löndun.

Geirflugl GK með 94 tonn í fjórtán, Dúddi Gísla GK með 79

Hjá dragnótábátunum var veioin í byrjun janúar mjög léleg en síðustu dagana í janúar áður en brælan hófst þá var mjög góð veioin. Sigurfari GK endaði með 134 tonn í fimmtán róðrum og mest 25,2 tonn. Og það má geta þess að þessi löndun Sigurfara GK, 25,2 tonn, var stærsta einstaka löndun dragnótabáta á Íslandi í janúar.

Benni Sæm GK með 103 tonn í fimmtán róðrum, Siggí Bjarna GK með 69 tonn í tíu, Aðalbjörg RE með 66 tonn í tíu og má geta þess að stærsta löndun Aðalbjargar RE var rúm 20 tonn.

Núna í byrjun febrúar þá fóru þrjú dragnótabátar frá Sandgerði til veiða en afliinn var frekar tregur enda veður ekki gott. Aðalbjörg RE

var með um 4,5 tonn, Sigurfari GK 3,7 tonn og Maggý VE 2,8 tonn.

Það má geta þess að Maggý VE var í fyrsta róðri sínum á þessu ári en hún landaði síðast í október árið 2024. Þessi bátur, Maggý VE, þó hann sé skráður í Vestmannaeyjum þá á hann sér langa sögu í Sandgerði því báturinn var keyptur til Reykjavíkur árið 2001 og fékk þá nafnið Hafnarberg RE. Báturinn var með því nafni fram til ársins 2005 þegar Einar Magnússon kaupir bátinn og fékk báturinn þá nafnið Ósk KE 5. Báturinn var með því nafni til 2001 þegar að hann var seldur til Vestmannaeyja.

Ansí skemmtileg tenging við þessi tvö nöfn, Ósk KE og Hafnarberg RE því hátt í fimmtán ár eða svo voru þessi tvö nöfn á bátum sem réru frá Sandgerði og þessir tveir bátar voru oft og iðulega með svipaðan afla og oft var keppni á milli áhafna hvor yrði aflahærri. Þá var eikarbáturinn með sknr (skipaskrárnúmer) 617, Hafnarberg RE og Ósk KE var þá báturinn sem er Maron GK í dag.

Og ef farið er lengra í sögu þessara báta þá átti 363 sér langa sögu áður en hann fékk Ósk KE nafnið og bar mörg nöfn þar á undan, 617 aftur á móti átti sér aðeins eitt nafn, það var Jón Gunnlaugs sem að Miðnes HF átti og var því útgerðarsaga 617 bátsins í Sandgerði hátt í 50 ár.

SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
**sími 421 7979**  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:  
**11-13:30**  
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



# Alþjóðaforseti Lions djúpt snortinn eftir heimsókn til Grindavíkur

## ■ Góðar líkur á stuðningi Alþjóðahjálparsjóðs Lions til Grindvíkinga

„Það var hreinlega magnað að koma til Grindavíkur, það fékk á mig að sjá hvernig náttúran hefur farið með bæinn en ég þekki til íbúanna og vona að Grindavík muni rísa upp að nýju áður en langt um líður,“ segir Geirþrúður Fanney Bogadóttir, fjölumðæmisstjóri Lions á Íslandi. Alþjóðaforseti Lions, Fabricio Oliveira sem er frá Brasilíu var á Íslandi seinasta haust ásamt Amariles eiginkonu sinni og af því tilefni var farið í skoðunarferðir, m.a. til Grindavíkur.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Geirþrúður sem býr í Reykjanesbæ og hefur verið virk í Lions þar síðan 1990, var með í för og var að koma í fyrsta sinn til Grindavíkur síðan hamfarirnar hófust. Það sem fyrir augu bar kom jafn mikið við Geirþrúði og brasilísku gestina.

„Að vera alþjóðaforseti Lions er í raun fjögurra ára ferli, viðkomandi byrjar sem þriðji varaforseti og endar á fjórða ári sem alþjóðaforseti Lions. Sitjandi forseti heimssækir mörg lönd og það hefur alltaf verið vinsælt að koma til Íslands því við teljumst vera sterkt svæði hjá Lions, erum næstum örugglega best ef við miðum við hina frábæru höfðatölu. Fabricio gat ekki stoppað eins lengi á Íslandi og hann hefði viljað svo það var stíf dagskrá allan tímann og að sjálfsögðu reyndum við að sýna honum hvað við erum að gera og erum stolt af. Nánast undantekningarlaust er farið á Bessastaði og það var mjög gaman að hitta nýja forsetann, Höllu Tómasdóttur, en þar fer einkar góður forseti held ég. Við heimsóttum Pieta-samtökin, það eru samtök sem berjast gegn sjálfsvígum. Á næsta ári mun landssöfnun Lions, „Rauða fjöðrin“ renna til Pieta í átak sem nefnist „Segðu það upphátt“. Með verkefninu verður opnað á umræðuna um sjálfsvíg og geðheilbrigði hjá ungu fólki. Það er gaman frá því að segja að geðheilsa og vellíðan hefur lengi verið eitt helsta hugðarefni Fabricio og þess vegna var hann sérstaklega áhugasamur um þetta samstarf Lions og Pieta.“

### Heimsókn til Grindavíkur hápunkturinn

„Ýmislegt annað var gert en ég held að mér sé óhætt að segja að hápunktur ferðarinnar hafi verið að koma til Grindavíkur og sjá með eigin augum hvað hefur gengið þarna á. Í fylgdarliði alþjóðaforseta voru níu Lionsfélagar, þar af vorum við tvær úr Reykjanesbæ en auk mín var Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri 109A, með í för. Við stoppuðum við varnargarðana við Svartsengi og fannst Fabricio hreinlega magnað að sjá hvað búið er að gera. Ég hafði ekki komið til Grindavíkur síðan



Geirþrúður Bogadóttir.

ósköpin hófust og verð að viðurkenna að þetta fékk á mig. Það er ómurlegt að sjá sprungurnar, skökk húsin við Víkurbrautina, skemmdirnar á Víðihlíð o.s.frv. Þegar við komum inn í bæinn tóku á móti okkur nokkrir Lionsfélagar frá Grindavík auk Fannars Jónassonar, bæjarstjóra. Formaður Lionsklúbbs Grindavíkur, Eiríkur Óli Dagbjartsson, skelli sér í hlutverk leiðsögumans og fræddi okkur um allt í Grindavík og leysti hann verkefnið með miklum sóma, talaði reiprennandi ensku en brasilísku gestirnir voru með túlk. Eiríkur fór með okkur á pallinn heima hjá sér en þar er hin rómaða hvítvínskúla þeirra hjóna og fannst okkur mögnuð upplifun að sjá varnargarðinn einungis nokkrum metrum frá lóðinni þeirra. Þarna þurfti útsýnið að víkja fyrir varnargarðum en eins og Eiríkur benti á, hinum megin við garðinn er nýrnið hraun og miklar líkur á að húsið hefði farið undir hraun ef garðurinn hefði ekki verið reistur. Við komum svo við í Kvikunni og þar skiptust Fannar og Fabricio á gjöfum og eftir þessa heimsókn til Grindavíkur fórum við á Hótel Keflavík og borðuðum þar dýrindis hádegisverð. Fabricio var einkar ánægður með þessa heimsókn og alla ferðina á Íslandi. Hann var sérstaklega ánægður með að hitta Guðrúnu Björt Yngvadóttur, félagi í Lionsklúbbum Eik í Garðabæ, sem kosin var alþjóðaforseti Lions starfsárið 2018-2019, fyrst kvenna. Guðrún Björt er jafnframt eini Íslendingurinn sem gegnt hefur þessu mikilvæga embætti.“



Formaður Lionsfélags Grindavíkur, Eiríkur Óli Dagbjartsson, bauð öllum heim á pallinn hjá sér. Fyrir aftan er hin rómaða hvítvínskúla og þar fyrir aftan má sjá varnargarðinn.



Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík, og Fabricio Oliveira, alheimsforseti Lions, skiptust á gjöfum í Kvikunni, menningarhúsi Grindavíkur.

### Sjö Lionsklúbbar á Suðurnesjum

Geirþrúður á 34 ára farsælan feril innan raða Lionshreyfingarinnar og er hvergi nærri hætt.

„Við hjónin fluttum til Njarðvíkur árið 1984. Árið 1990 bauðst mér að fara á fund hjá Lionessklúbbi Njarðvíkur. Ég hreifst strax af starfinu og hef gefið mig að því allar götur síðan. Árið 1997 var Lionessklúbburinn lagður niður og Lionsklúbburinn Æsa stofnaður í staðinn og þá fengum við full réttindi sem lionsfélagar. Í Reykjanesbæ eru starfandi þrjár Lionsklúbbar, kvennaklúbbar Æsa og Freyja og Lionsklúbbur Njarðvíkur sem er karlklúbbur.“

„Ýmislegt annað var gert en ég held að mér sé óhætt að segja að hápunktur ferðarinnar hafi verið að koma til Grindavíkur og sjá með eigin augum hvað hefur gengið þarna á.“

Saga Lionshreyfingarinnar á heimsvísu nær aftur til ársins 1917. Fyrsti klúbburinn var stofnaður í Bandaríkjunum og í dag eru félagar rúmlega 1,4 milljónir í 46 þúsund klúbbum í yfir 200 löndum. Markmið Lions er að í árslok 2026 verði Lionsfélagar orðnir 1,5 milljón. Á Íslandi eru starfandi 74 Lionsklúbbar, þar af eru sjö á Suðurnesjum en þeir eru auk klubbanna í Reykjanesbæ, Lkl. Keilir í Vogum, Lkl. Garður í Garði, Lkl. Sandgerðis og Lkl. Grindavíkur. Suðurnesjaklúbbarinn er á svæði fimm í umdæmi 109 A en umdæmið okkar nær frá Reykjavík austur á Seyðisfjörð.

„Lions leggur lið“ eru einkunnarorð hreyfingarinnar og þess má geta að Lions á Íslandi færði Lionsklúbbi Grindavíkur rúmar níu milljónir síðastliðið vor að frumkvæði Lionsklúbbs Vestmannaeyja,“ segir Geirþrúður.

### Alþjóðahjálparsjóður Lions

Hefð er fyrir því að alþjóðaforseti Lions taki við formennsku í

Alþjóðahjálparsjóði Lions að forsetaárinu liðnu, en fordæmi er fyrir styrk úr sjóðnum til Íslands þegar hamfarir hafa átt sér stað. Eyjamenn fengu t.d. að njóta gjafmildis Lions þegar gaus hjá þeim árið 1973. Grindvíkingar vonast eftir að heimsókn Fabricio Oliveira til bæjarins, minnki ekki líkurnar á að Lionshreyfingin á heimsvísu aðstoði við uppbyggingu bæjarins.

„Fabricio var djúpt snortinn eftir heimsóknina til Grindavíkur og að heyrna hve margir ættu um sárt að binda, m.a. grindvísk börn sem eiga í erfðleiikum með að aðlagast nýjum veruleika. Ég efast ekki um að hann hafi Grindavík og Grindvíkinga í huga þegar hann tekur til starfa í Alþjóðahjálparsjóðnum. Íslendingar hafa nokkrum sinnum fengið styrki úr sjóðnum, t.d. eftir gosið í Vestmannaeyjum, þegar styrkur frá Lions varð til þess að hægt var að ljúka við byggingu sjúkrahússins í Vestmannaeyjum og í vor fengu tveir Lionsklúbbar í Reykjavík styrk frá sjóðnum til að kaupa tæki til mælinga og rannsóknna á heyrn ungra barna, fyrir Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Alþjóðahjálparsjóður Lions er einstakur á heimsvísu þar sem söfnunarféð rennur beint til verkefnanna, ekki ein króna af söfnunarfénu fer í yfirbyggingu sjóðsins, eins og algengt er. Lionsklúbbar á Íslandi greiða flestir hluta af því fé sem þeir safna til Alþjóðahjálparsjóðsins en einnig leggja margir Lionsfélagar sjóðnum lið persónulega, með mánaðarlegri greiðslu. Við erum alltaf að reyna fá fleiri á þann vagn, þetta er jú sjóðurinn okkar. Það gilda mjög strangar reglur varðandi úthlutun úr sjóðnum. Ég hef setið í þriggja manna teymi sjóðsins á Íslandi og við höfðum strax samband vegna Grindavíkur. Það má ekki líða nema ákveðinn langur tími frá því að atburði lýkur þar til umsókn berst en atburðinum er ekki lokið í Grindavík, því miður og því er ekki einfalt mál að sækja um aðstoð. Þeir sem stýra sjóðnum úti eru vel upplýstir um stöðu mála og ég er bjartsýn fyrir hönd Grindvíkinga að þegar þessum hremmingum lýkur muni Lions rétta fram hjálparhönd og það mun þá fara fram í gegnum viðkomandi Lionsklúb, í þessu tilviki Lionsklúb Grindavíkur.“

Ég á lengi eftir að muna eftir þessari ferð til Grindavíkur og vona svo sannarlega að þessi falllegi bær nái að blómstra á ný,“ sagði Geirþrúður að lokum.



Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnarmaður í Lions international, sýnir Fabricio varnargarðana og hraunið sem rann við Svartsengi.





„Ungarnir koma dagsgamlir til mín og eru hér eins og á fimm stjörnu hóteli þar sem þeir fá fyrsta flokks fóður, gott vatn að drekka og spranga frjálssir um í góðum hita. Ég leyfi mér að fullyrða að þeim líður mjög vel hjá mér, öðruvísi myndu þeir ekki vaxa og stækka. Mér er mikið í mun að dýrum líði vel,“ segir Svanur Ingi Sigurðsson, kjúklingabóndi frá Grindavík.

# Svanur ræktar kjúklinga í Grindavík



Svanur ólst upp á Akranesi en kom til Grindavíkur til að hjálpa Halldóri bróður sínum heitnum við að byggja einbýlishús. Halldór hafði flutt nokkru fyrr til Grindavíkur og var orðinn verkstjóri í Hraðfrystihúsi Grindavíkur, sem varð fyrsta starfsstöð Svans í Grindavík.

„Dóri bróðir var tíu árum eldri en ég og var búinn að vera í Grindavík í nokkur ár þegar ég ákvað að elta hann árið 1973, ég þá á átjándu ári. Dóri var að byggja og ég kom til að hjálpa honum og hér er ég ennþá, þótt ég búi tímabundið í Reykjavík vegna hamfaranna í Grindavík. Ég hafði verið að vinna hjá Sementsverksmiðju ríkisins fyrir vestan en þeirri vinnu lauk í ágúst þetta ár og ég skellti mér suður. Ég byrjaði að vinna undir verkstjórn Dóra hjá HG, fór þaðan yfir í kaupfélagið í nokkur ár og réði mig svo til Kristins Gamalielssonar sem var með eggja- og kjúklingabúskap, og hef verið í því síðan þá. Þegar hann flutti austur fyrir fjall árið



1985, nálægt Selfossi, þá keypti ég af honum búíð og er því að fagna 40 ára afmæli á þessu ári. Þar sem Kiddi var ættaður af Stað vestur á Reykjanesi, skýrði hann búíð sitt Staðarbúíð og ég ákvað bara að halda því nafni. Kiddi hafði verið jöfnum höndum í eggjabúskap, kjúklingarækt og sauðfjár-búskap en ég hafði engan áhuga á því síðastnefnda. Ég var í eggjum og kjúklingum fyrstu tíu árin, var

mest með 4500 varphænur en ákvað svo að hætta með eggin, mér fannst það ekki fara vel saman með kjúklingarækt því það getur verið mikið smithætta frá hænum.“

## Stækkun

Ekki leið á löngu þar til húsakosturinn stækkaði hjá Svani.

„Kiddi hafði verið með rollurnar í húsi tvö eins og það var kallað,

## Öflugur kjúklingabúskapur

ég lengdi það síðar og byggði svo hús þrjú stuttu síðar. Þegar mest var áður en reglurnar breyttust, var ég með um tuttugu þúsund fugla í þessum þremur húsum en í dag eru þeir rúmlega fimmtán þúsund. Ég er í samstarfi við Reykjarð en þeir eru með útungunarstöð og koma með unguna dagsamla og skaffa auk þess fóður og spæninn sem fer á gólfid. Ég hef alltaf fengið unguna, þ.e. hef ekki verið með útungun sjálfur en ungarnir koma u.þ.b. degi eftir að þeir fæðast, eru á fimm stjörnu hóteli í u.þ.b. fimm vikur þar sem þeir fá fyrsta flokks fóður, vatn að drekka og spranga frjálssir um í góðum hita. Ég leyfi mér að fullyrða að þeim líður mjög vel hér hjá mér, öðruvísi myndu þeir ekki vaxa og stækka. Mér er mikið í mun að dýrum líði vel.

Hér áður fyrr tók átta til tíu vikur að koma kjúklingnum í rétta þyngd og stærð fyrir slátrun en stofnanir eru orðnir betri, í dag tekur ferlið ekki nema um fimm vikur og þá fer fram söfnun og tinsla á fuglunum. Það er í raun mjög þægileg aðferð, ljósin eru slökkt og þá halda fuglarnir að það sé kominn háttatími og þeir leggjast niður og því auðvelt að ná þeim, í stað þess að vera

eltast við þá út um allt hús. Þeir fara tíu og tíu saman í safnkassa og þaðan út í flutningabíl sem flytur þá á Helli þar sem Reykjarður er með slátruhús en þeir eru líka með aðstöðu á Ásmundarstöðum rétt hjá Helli. Þegar húsin eru orðin tóm þarf ég að moka öllum spæni og skítnum undan fuglunum út, allt er svo vandlega þrifið og sótt-hreinsað, svo er spænin lagður á gólfín og nýtt ferli fer í gang,“ segir Svanur.

## Lok, lok og læs í rýmingu

Svanur var nýlega búinn að fá sendingu af dagsömlum ungunum þegar ósköpin dundu yfir í Grindavík 10. nóvember '23.

„Ég fékk að fara inn 12. nóvember til að sækja fuglana sem ég var nýlega búinn að fá og þeim var komið fyrir á Ásmundarstöðum. Ég gat ekkert framleitt í ár og er með aðra framleiðsluna núna í gangi eftir að ég gat byrjað aftur seint á síðasta ári. Ég er með söfnun á tilbunum fugli á u.þ.b. hálfsmánadag fresti en ég er að fara skipta um vatnskerfið í tveimur húsanna, þess vegna verður smá bið þar til ég tek inn næsta skammt en um



Mjög rúmt er um fuglana, þeir vappa um sælir og glaðir.







„Það er í raun mjög þægileg aðferð, ljósin eru slökkt og þá halda fuglarnir að það sé kominn háttatími og þeir leggjast niður og því auðvelt að ná þeim, í stað þess að vera eltast við þá út um allt hús.“



Búið að slökka ljósin og þar með leggjast fuglarnir niður og halda að það sé kominn háttatími.

## Í samstarfi við Reykjagarð



Reykjagarður kemur með unguna nýfædda, skaffa fóðrið og spæninn sem fer á gólfíð, hér er verið að sækja fuglana.

Þrjú þúsund fuglar eru hjá mér núna í einu húsi og verða tilbúnir eftir u.þ.b. þrjár vikur. Venjulega fyllti ég öll húsin þrjú af fuglum en vegna ástandsins í Grindavík ákváðum við að gera þetta frekar í tveimur skömmtum og er ágætis reynsla komin á það.

Það er búið að vera frábært að vera í þessu samstarfi við Reykjagarð, hér áður fyrr þurfti ég að sjá nánast um allt, ég slátraði ekki en ég var með sölumál og flest á minni könnu. Eftirspurnin jókst nánast dag frá degi og þetta var einfaldlega of mikið svo ég hoppaði á tækifærið þegar Reykjagarður hafði samband við mig og óskaði eftir samstarfi, kjúklingarnir frá mér eru því seldir undir merki Holta kjúklinga. Í dag er ég bara að sjá um eldið, taka við ungunum og hugsa um þá, safna þeim svo saman og þríf og geri klárt fyrir næstu heimsókn, þetta hentar mér mjög vel í dag og er ég mjög ánægður með þetta samstarf.

### Rúntur fyrir Höllu og tvær flugur slegnar í sama höggi

Svanur eignaðist dótturina Helenu Lind þegar hann var ungur og á þrjú börn með eiginkonu sinni, Matthildi Nielsdóttur. Halla er elst, svo kemur Matthías og Niels er yngstur, öll hafa þau hjálpað foreldrum sínum með kjúklingabúskapinn í gegnum tíðina og eins hafa barnabörnin hjálpað til. Þessi Halla er nokkuð þekkt stærð á Suðurnesjunum en hún rekur matsölu-stað sinn, hjá Höllu, á Keflavíkurflugvelli og var sömuleiðis með stað í Grindavík fram að rýmingu. Hún var nýlega búin að kaupa iðnaðarhúsnæði í Grindavík og breyta því í framleiðslueldhús, þegar hamfarirnir eyðulögðu húsnæðið. Svanur hefur verið dóttur sinni stöð og stytta allar götur síðan starfsemi hennar hófst og hann er í aukavinnu hjá henni og nær að slá tvær flugur í sama höggi.

„Ég hef í nokkur ár verið að aðstoða Höllu dóttur mína og síðan við þurftum að rýma Grindavík hef ég náð að samtvinna keyrslu á mat fyrir hana með eftirlitsferð minni í kjúklingabúíð. Halla var nýbúin að festa kaup og gera upp glæsilega aðstöðu í iðnaðarbilinu í Grindavík en það húsnæði er ónýtt en sem betur fer komst hún strax inn hjá Axel í Skólamat og hefur undanfarna mánuði verið með eldunaraðstöðu úti í Sandgerði. Ég kem þangað flesta daga og keyri matarskammta til vinnandi fólks á Reykjanesi og get í leiðinni kikt á fuglana mína og gengið úr skugga um að allt sé í lagi en ég get líka fylgst með gangi mála í símanum hjá mér, ég er með myndavélakerfi í öllum húsunum. Fyrir rýmingu þá var hluti af fjáröflunum fyrir

íþróttadeildirnar í Grindavík og fleiri, að mæta í söfnun og tínslu á fuglunum. Þetta er mikið stuð, menn og konur fara í samfesting og svo er bara tekið á því í tvo til þrjá tíma og fuglunum safnað saman í kassa en alltaf er passað upp á að fara vel með fuglinn, ég legg alltaf þunga áherslu á það. Þessi háttur hefur ekki gengið síðan við rýmingu, það eru svo fáir í Grindavík svo Reykjagarður hefur útvegað mér duglegan mannskap sem vinnur þetta með mér. Þetta er búið að vera aldeilis ótrúlegur tími, eitthvað sem maður hélt að maður myndi aldrei upplifa. Við konan komum okkur fyrir í Reykjavík en hvort við snúum til baka til Grindavíkur verður bara að koma í ljós, það verður alla vega ekki á meðan þessar jarðhræringar eru í

gangi. Ég er nú kominn á aldur og er farinn að huga að því að setjast í helgan stein, ég verð sjötugur á þessu ári svo þetta er kannski bara komið gott. Það er bara ekki góður tímarpunktur núna að selja, á meðan ástandið er svona svo ég held eitthvað áfram og hver veit nema afkomendur mínir taki við búinu, það væri fínt. Ég hef ennþá mjög gaman af þessu en eins og ég segi, ef einhver áhugasamur um svona búskap er þarna úti þá er ég opinn fyrir að ræða það,“ sagði Svanur að lokum.

**VF GRINDAVÍK**

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



**Sóknaráætlun  
Suðurnesja 2025-2029**  
Opin vinnustofa í Hljómahöll  
7. febrúar kl. 10 - 12



SAMBAND SUÐURNESJELAGA Á SUÐURNESJUM



„Við getum svo sannarlega verið stolt af ungmennunum okkar,“ segir Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir, gæðastjóri og verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags, verkefnis er lítur að því að gera Reykjanesbæ að barnvænu sveitarfélagi. Á dögunum veitti UNICEF á Íslandi, Reykjanesbæ viðurkenningu og telst sveitarfélagið þar með á meðal tveggja annarra sveitarfélaga á Íslandi, sem barnvænt sveitarfélag.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



# Reykjanesbær fékk viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag



Aðalheiður var himinlifandi þennan fallega miðvikudag í Hljómahöllinni þar sem afhendingin fór fram.

„Þetta verkefni hefur verið í gangi síðan í ársbyrjun 2020 en það snýst um að innleiða Barnaáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í alla stjórnsýsluna. Hann var lögfestur árið 2013 og öllum sveitarfélögum gert skylt að innleiða hann. Reykjanesbær er þriðja sveitarfélagið sem hlýtur þessa viðurkenningu.

Þetta er búið að vera mikið verk en ofboðslega gefandi og skemmtilegt. Ýmsar hindranir urðu á leiðinni eins og heimsfaraldur og jarðhræringar en með samhentum átaki allra erum við í þessari stöðu í dag. Í raun snýst verkefnið um að gefa börnum rödd og þau geti sagt hvernig þau vilji sjá sveitarfélagið sitt þróast. Ungmennaráð Reykjanesbæjar fór af stað um þetta leyti og það hefur verið mjög gaman að fylgjast með áhuga krakkanna. Við höfum haldið tvo ungmennanæðing og hundruð barna mættu til að taka þátt í umræðum. Undanfarnir ár hafa ungmennin okkar svo fengið tækifæri til að halda erindi á bæjarstjórnarfundum og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Mitt hlutverk hefur verið að stýra verkefninu og fylgja því eftir. Innleiðingin, samkvæmt UNICEF, felst í hringrás með átta skrefum þar sem fyrst er framkvæmt stöðumat og svo unnin aðgerðaáætlun eftir niðurstöðum úr því. Stöðumatið gefur einnig til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og fræðslu-

áætlun unnin. Starfsfólk tók ótrúlega vel í fræðsluna og voru um 70% þeirra sem fræðsluáætlunin náði til sem fóru í gegnum ákveðin námskeið hjá UNICEF. Nú er þessari fyrstu hringrás lokið en verkefninu er engan veginn lokið. Þessi viðurkenning sem við fengum núna gildir í þrjú ár og núna förum við hringrás tvö og stefnum að sjálfsgöðu af því að fá sömu viðurkenningu eftir þrjú ár. Það verður spennandi að sjá hvernig næsta aðgerðaáætlun mun koma til með að líta út,“ segir Aðalheiður.



## Ungmennaráð í nefndir og ráð Reykjanesbæjar

Hermann Jakobsson er formaður ungmennaráðs Reykjanesbæjar.

„Ég er búinn að vera formaður ungmennaráðs undanfarnin tvö ár en nú fer leik að ljúka hjá mér og einhver annar tekur við. Hingað til hefur verið miðað við átján ára aldur en við höfum lagt til að hækka aldurinn upp í tuttugu. Við miðum við að ungmenni þurfi að vera orðin fjórtán ára til að vera gjaldgeng í ráðið. Aðkoma okkar að þessu innleiðingarverkefni hefur verið talsverð, fulltrúi frá okkur hefur verið í stýrihópi og við



höfum aðstoðað Reykjanesbæ við þessa innleiðingu. Í því fólst t.d. að halda ungmennanæðing og hafa þau heppnast mjög vel og var frábær mæting á þau. Við höfum fundað talsvert með UNICEF á Íslandi og höfum verið í nánun samstarfi með Reykjanesbæ.

Aðalbreytingin hefur verið að geta haldið þessari ungmennanæðing og við höfum getað komið ábendingum af þeim þingum til bæjarstjórnar, svo var mikilvægt fyrir okkur að koma meðlimum ungmennaráðs inn í ýmis ráð og nefndir Reykjanesbæjar. Þetta tryggir að rödd ungmenna heyrir. Það er ýmislegt annað sem við höfum verið að vinna að, t.d. frístundaáætlun ungmenna, þetta eru mörg verkefni en ofboðslega gaman að fá að vinna að þeim.

Ég hef komið að þessari vinnu undanfarnin ár, er átján ára í dag og ég man vel hvernig þessi mál voru þegar við vorum að byrja þetta ferli í ársbyrjun 2020, við erum í miklu betri málum í dag. Það var mjög gott skref fyrir ungmennaráðið að fá starfsmann í 50% hlutfall, Óli Bergur hefur unnið frábært starf með okkur og ég lít björtum augum til framtíðarinnar, ef að sömu framfarir verða á næstu fimm árum eins og hafa verið undanfarnin fimm ár, þá eru ungmennin í Reykjanesbæ heldur betur að fara láta gott af sér leiða. Það er mjög mikilvægt að halda áfram með innleiðinguna, okkur gekk vel í þessari

fyrstu hringrás og nú er bara að láta verkin tala í þeirri næstu,“ segir Hermann.



## Stolt Reykjanesbæjar

Valgerður Björk Pálsdóttir situr í bæjarstjórn Reykjanesbæjar fyrir Beina leið og var annar tveggja fulltrúa bæjarstjórnar í stýrihópi um barnvænt sveitarfélag. Hún tók á móti viðurkenningunni frá UNICEF og er mjög stolt af sínu fólki.

„Jú, ég er afskaplega stolt af þessari viðurkenningu, stolt af starfsfólkinu okkar sem leiddi vinnuna, starfsfólki skólanna, félagsmiðstöðva, Ráðhússins en auðvitað er ég mest stolt af ungmennaráðinu okkar. Það er gaman að vita að það er tekið eftir ungmennunum okkar og hversu vel þau standa sig. Ég kom inn í þessa vinnu árið 2022 og hef verið í stýrihópi síðan þá ásamt starfs-

fólki Reykjanesbæjar og fulltrúum ungmennaráðs. Við höfum fundað nokkuð reglulega og fylgst vel með að allt gangi samkvæmt áætlun, það er ofboðslega gaman að sjá árangur þess erfiðis hér í dag.

Það á eftir að koma í ljós hvernig næsta hringrás verður, það verða áfram aðgerðir en ég hef engar áhyggjur af því, það er komin ákveðin stofnana víska til staðar hjá okkur. Við sem erum að stýra málum erum komin með ákveðna barnvæna hugsun þegar við erum að fjalla um hin ýmsu mál, við spyrjum okkur að því hvort viðkomandi mál tengist börnum og ungmennum, og réttindum þeirra. Það er mjög gott hvernig vinnubrögðin hafa breyst til hins betra og verður spennandi að sjá hvernig næsta ferli verður.

Ég get ekki hrósað ungmennunum okkar nægjanlega mikið, þetta eru svo flottir krakkar. Þegar ég var ung þá var ég formaður nemendaráðs í FS en það var ekkert miðað við hvað þessir krakkar eru að gera í dag. Þau koma svo vel fyrir, eru áhugasöm um öll möguleg málefni og taka þátt í ungmennanæðingum. Ég dáist að þeim þegar þau stíga í pontu og tala fyrir sínum málefnum, þau eru svo örugg og í raun kemur mér ekki lengur á óvart hversu vel þessir krakkar eru að standa sig. Framtíðin er svo sannarlega björt í Reykjanesbæ,“ sagði Valgerður að lokum.



Hljómaveitin Demo tók þrjú lög á athöfninni.





Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum með þremur ráðherrum, f.v. Eyjólfí Ármannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Jóhanni Páli Jóhannssyni, umhverfis- og loftslagsráðherra og Loga Einarssyni, menningar- nýsköpunar- og háskólaráðherra.

## Sóknaráætlanir landshluta efla byggðapróun og færa heimafólki aukna ábyrgð

Sóknaráætlanasamningar við átta landshlutasamtök sveitarfélaga voru undirritaðir þann 28. janúar sl. en þeir gilda til fimm ára (2025-2029). Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum undirritaði samninginn fyrir hönd Suðurnesja en að hennar sögn er slíkur samningur afar mikilvægur.

„Fyrir íbúa Suðurnesjanna skiptir samningur sem þessi öllu máli. Við fáum fjármuni til að forgangsraða í verkefni og veita styrki. Þannig geta lítil og stærri verkefni orðið að veruleika, hvort sem það er í menningu eða nýsköpun.“

Við getum einnig náð til stórra fyrirtækja og vil ég nefna sem dæmi nýundirritaðan samning við HS orku vegna græns iðngarðs á Reykjanestá. Þar leggjum við okkar á vogarskálarnar við það að forma verkefni sem kemur inn á loftslagsmál, hringrásarhagkerfið og atvinnuuppbyggingu.

Einnig ætlum við að nota nýja sóknaráætlun til þess að vinna að áherslum Svæðisskipulags Suðurnesja en heimafólk er best til þess fallið að dreifa fjármunum í sinni heimabyggð.“

Nú stendur yfir vinna við mótun sóknaráætlunar fyrir Suðurnes og hefur verið fundað með helstu hagsmunaaðilum og rýnihópum. Þá hefur verið boðað til opins fundar í Stapa 7. febrúar þar sem áhugasamir geta tekið þátt í að móta stefnuna til framtíðar. Eru íbúar hvattir til þess að taka þátt en að auki munu drög áætlunar fara í samráðsgátt á island.is.

Framlög ríkisins til samninganna árið 2025 nema samtals 865,7 milljónum króna og framlög sveitarfélaga samtals 93,9 milljónum króna. Alls nema heildarframlög ríkis og sveitarfélaga til sóknaráætlana því um 960 milljónum kr.

Það er samdóma álit þeirra sem koma að sóknaráætlunum að þær hafi sannað gildi sitt fyrir byggðir landsins en verkefnið byggir á tólf ára sögu.

Markmiðið með sóknaráætlunum er að stuðla að jákvæðri og sjálfbærri byggðapróun, treysta stoðir menningar, efla atvinnulíf og nýsköpun, styðja við áherslur um umhverfis- og loftslagsmál og auka þannig samkeppnishæfni landshluta og þar með landsins alls. Þá er markmiðið einnig að efla samráð hjá stjórnvöldum og milli landshluta og tryggja gagnsæi við úthlutun opinberra fjármuna.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem fela í sér stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Markmiðið er að ráðstöfun fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags-, umhverfis- og byggðamála byggji á áherslum heimafólks.

Árið 2025 er framlag ríkisins til samninganna samtals 865,7 m.kr., þar af 552,1 m.kr. frá innviðaráðuneytinu, 223,6 m.kr. frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytinu og 90 m.kr. frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Þá leggjja sveitarfélögin samningnum samtals til um 94 m.kr. á árinu 2025. Heimilt er að semja um framlög annarra aðila að samningnum.

Forsögu sóknaráætlana má rekja allt aftur til ársins 2011 þegar hugmyndafræðin var fyrst mótuð og sett fram í stefnuyfirlýsingunni Ísland 2020 og voru fyrstu samningar um sóknaráætlanir landshluta gerðir árið 2013.

Verklag sóknaráætlana hefur reynst vel og almenn ánægja er með það, bæði meðal ríkis og sveitarfélaga. Samningarnir eru gerðir á grundvelli sveitarstjórnarlaga og gilda í fimm ár í senn.

## Óbyggðanefnd ásælist eyjar og sker utan við Sandgerði

Bæjarráð Suðurnesjabæjar hefur samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að láta gæta hagsmuna Suðurnesjabæjar og lýsa kröfum til Óbyggðanefndar varðandi eyjar og sker utan við Sandgerði og Sandgerðishöfn.

Tilkynning frá Óbyggðanefnd varðandi eyjar og sker úti fyrir strönd Suðurnesjabæjar var til umfjöllunar á fundi bæjarráðs um

miðjan janúar og á fundi framkvæmda- og skipulagsráðs 22. janúar. Framkvæmda- og skipulagsráð leggur til að gerðar verði athugasemdir um kröfur Óbyggðanefndar varðandi eyjar og sker utan við Sandgerði og Sandgerðishöfn. Þá var á fundi bæjarráðs lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra með tillögu um afstöðu bæjarráðs til málsins.

## Matvælasjóður opnar fyrir umsóknir í febrúar

Matvælasjóður opnar fyrir umsóknir 1. febrúar 2025 vegna sjöttu úthlutunar sjóðsins og verður umsóknarfrestur til miðnætis 28. febrúar 2025.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísu.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins [www.matvaelasjodur.is](http://www.matvaelasjodur.is) og umsóknum er skilað í gegnum umsóknarkerfið Afurð.



Matvælasjóður



Stjórnarráð Íslands  
Matvælaráðuneytið

# Skreppum í skimmun

Reykjanesbær 10.-13. febrúar

[brjostaskimun@landspitali.is](mailto:brjostaskimun@landspitali.is)  
543 9560

Bókaðu tíma  
Schedule your appointment  
Zarejestruj się teraz na



Krabbameinsfélag  
höfuðborgarsvæðisins



LANDSPÍTALI  
Brjóstamiðstöð

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS



SUÐURNESJA  
magasín





Valgerður Björk Pálsdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar Reykjaneshæjar, Guðný Kristín Bjarnadóttir, safnstjóri Bókasafns Reykjaneshæjar, og Þórey Ösp Gunnarsdóttir, safnstjóri Stapasafns. Valgerður ávarpaði samkomuna og óskaði viðstöddum til hamingju með nýja útibúinu um leið og hún færði safnstjórnunum blómvönd af tilefni opunarinnar. VF/JPK

## Glæsilegt Stapasafn opnað almenningi

Nýtt útibú Bókasafns Reykjaneshæjar, Stapasafn, var opnað almenningi við hátíðlega athöfn síðastliðinn föstudag. Vel var mætt á viðburðinn og voru gestir sammála um að útibúið væri allt hið glæsilegasta.



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is

Stapasafn er staðsett í Stapaskóla á Dalsbraut 11 í Innri-Njarðvík. Safnið, sem er samsteypusafn Bókasafns Reykjaneshæjar, mun líkt og undanfarin ár þjónusta þau fjölmörgu börn sem stunda nám í Stapaskóla ásamt starfsfólki hans en nú eru íbúar Reykjaneshæjar einnig boðnir velkomnir til að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði.

„Markmið bókasafnsins er að veita íbúum aðgang að fjölbreyttum safnkosti og upplýsingum á mismunandi formi,“ sagði Þórey Ösp Gunnarsdóttir, safnstjóri Stapasafns, við tilefnið. „Söfn stuðla að eflingu menningar- og vísindastarfsemi, menntunar, símenntunar, atvinnulífs, íslenskrar tungu, ánægjulesturs og upplýsingalæsis.“

Almenningsbókasöfn hafa verið að þróast í spennandi átt á undanförnum árum og þurfa að vera í stakk búin að takast á við nýjar áskoranir í upplýsingasamfélagi framtíðarinnar. Við búum í þekkingarsamfélagi og það er hlutverk bókasafna að bjóða aðgang

og tækifæri fyrir öll til að nýta sér upplýsingar og afla sér þekkingar.

Starfsmenn safnsins ætla að eiga í samskiptum við íbúa. Þannig verður Stapasafn miðstöð mannlífs og menningar í hverfinu þar sem metnaður og fagmennska starfsfólks býr íbúum skapandi umhverfi, samveru og jákvæða upplifun.“

Í tilkynningu frá Bókasafni Reykjaneshæjar segir að með tíð og tíma sé stefnt að því að opnunartímar safnsins lengist. Þegar sundlaug opnar í byggingunni og meiri starfsemi verður í húsinu geti viðskiptavinir Stapasafns notað sjálfsafgreiðsluvélar utan mannaðs opnunartíma því húsið mun vera opið á sama tíma og sundlaugin.

**Opnunartími Stapasafns verður eftirfarandi: Mánudaga til föstudaga er opið frá 08:00 til 18:00 og á laugardögum er opið frá 10:00 til 14:00.**



Þórey Ösp Gunnarsdóttir, safnstjóri Stapasafns, Guðný Kristín Bjarnadóttir, starfandi forstöðumaður Bókasafns Reykjaneshæjar, og Stefania Gunnarsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Bókasafns Reykjaneshæjar.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HERMANN PÁLL NÍELSSON**

Aðalgötu 1, áður Birkiteig 8, Reykjaneshæ, 100

lést sunnudaginn 19. janúar.

Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þeir sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju félag langveikra barna.

Reikningur: 0331-13-301260

Kennitala: 581201-2140

Ingibjörg Magnúsdóttir  
Steingerður Hermannsdóttir Pétur Gunnar Sigurðsson  
Hrefna Hermannsdóttir  
Niels Jón Valgarð Hermannsson Anna María Skúladóttur  
Barnabörn og barnabarnabörn.





# Gunnar Ingi gefur út lag með Móeiði

Keflvíski bassaleikarinn og lagahöfundurinn Gunnar Ingi Guðmundsson er afkastamikill tónlistarmaður en á dögunum gaf hann út nýtt lag og fékk hina þekktu söngkonu, Móeiði Júníusdóttur, til að syngja lagið sem ber heitið Crazy Lover. Upptökustjórn var í höndum Stefáns Arnars Gunnlaugssonar.

Móeiður eða Móa eins og hún er oftast kölluð var mjög virk í tónlistarsenunni um og fyrir aldamótin 2000, bæði héraðs og erlendis. Hún gaf m.a út jazz-plötu, rafskotið popp með hljómsveitinni Bong og sólóplötuna Universal undir merkjum hins góðsagnakennda bandaríska útgáfufyrirtækis, Tommy Boy.

Móa sneri sér svo aftur að tónlistinni eftir nokkuð langt hlé og hefur sent frá sér eigin lög og tekið þátt í samstarfsverkefnum



undanfarin ár. Hún tók þátt í forkeppni söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2023 með lagið Glötuð ást.

Gunnar Ingi Guðmundsson er höfundur lagsins.

„Ég átti til prufuupptöku eða demo eins og það er oftast

kallað og ákvað að setja mig í samband við Móeiði og athuga hvort að hún myndi vilja syngja lagið.

Hún var til í það og þá var lagið sent til Nínu Richter fyrir



textaskrif og var útkoman lagið Crazy Lover sem er í seiddandi „retro cinematic“ stíl með smá rafskotnu ívafi og fjallar lagið um ástarsamband sem er á köflum eittrað. Lagið var fyrst til sem eitt lítið intro og vers og svo með tímanum reyndi ég að semja við það fleiri kafla sem myndu mynda eina heild sem lag og komu þeir kaflar koll af kalli á nokkra

víkna tímabili og er engin sérstakur innblástur við gerð þessa lags, heldur bara einhverskonar spuni með hljóma og laglínugerð,“ segir Gunnar Ingi.

## Ráðningarstyrkir: Vinnumálastofnun í samstarfi við atvinnurekendur

Á Suðurnesjum er atvinnuleysi enn áskorun sem kallar á samvinnu milli atvinnurekenda og Vinnumálastofnunar. Með fjölbreyttri þjónustu og stuðningi leitast Vinnumálastofnun við að skapa flóru atvinnutækifæra, hvort sem það er fyrir almenna atvinnuleitendur, atvinnuleitendur með skerta starfsgetu eða flóttamenn. Með þessari samvinnu stuðlum við að öflugri vinnumarkaði.

Vinnumálastofnun býður atvinnurekendum upp á að skrá störf á „Mínum síðum“ atvinnurekenda, (Fyrirtæki | Vinnumálastofnun), þar sem hægt er að fá aðstoð við leit að starfsfólki á Íslandi og EES-svæðinu með aðstoð EURES. Atvinnuráðgjafar okkar vinna að því að skrá störf, auglýsa þau og senda ferilskrár beint til atvinnurekenda. Þjónustan okkar er einstaklingsmiðuð og sniðin að þörfum fyrirtækja og auk þess er hún gjaldfrjál.

Ráðningarstyrkur er eitt af vinnumarkaðsúræðum Vinnumálastofnunar. Þetta úrræði opnar á fjölmörg tækifæri fyrir atvinnuleitendur og styður atvinnurekendur við að auka möguleika á vinnumarkaði. Með ráðningarstyrknum geta atvinnuleitendur fengið aukin tækifæri til að komast



inn á vinnumarkaðinn, á meðan atvinnurekendur fá stuðning til að fjölga störfum og skapa ný tækifæri. Styrkurinn getur numið allt að 406.858 krónum á mánuði og er veittur í allt að sex mánuði. Styrkurinn jafngildir grunnatvinnuleysisbótum ásamt móttframlagi í lífeyrissjóð.

Við hvetjum atvinnurekendur til að nýta sér þessa þjónustu, skrá störf í gegnum heimasíðuna okkar og sýna samfélagslega ábyrgð með því að skapa ný tækifæri. Hin fjölbreytta samsetning starfsmannahópsins eflir ekki aðeins fyrirtækið í innra starfi heldur bætir einnig mynd þess út á við. Ávinningurinn er mikill fyrir alla aðila, atvinnurekendur fá áhugasama starfsmenn og með því stuðlum við að sterkari samfélagslegri heild.

Til að fá frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við okkur á netfangið vinnumidlun-sudurnes@vmst.is.

Fyrir hönd Vinnumálastofnunar,

**Gudbjörg Gerður Gylfadóttir**  
forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum

## VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

**timarit.is**



Ungmennni vikunnar

### UNGMENNI VIKUNNAR

Nafn: Hrafnkell Blær Sölvason  
Aldur: 14 á 15 ári  
Bekkur og skóli: Holtaskóli 9. bekkur  
Áhugamál: Körfubolti og styrktarþjálfun

## Langar að spila körfubolta í Bandaríkjunum

Hvert er skemmtilegasta fagið? Stærðfræði er lang skemmtilegast

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Abyggilega Davíð Breki því við erum svo góðir félagar í körfunni og munum komast langt saman.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Sko það er ekkert eitthvað sérstakt sem ég man eftir.

Hver er fyndnastur í skólanum? Pétur Nái, hann fattar húmorinn minn svo vel og við erum nánast með alveg eins húmor svo mér finnst hann vera lang fyndnastur.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Fair Trade - Drake eða Wake Me Up - The Weeknd

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Heima gerður Butter Chicken með Naan-brauði sem mamma gerir.

Hver er uppáhaldsbiómyndin þín? Hustle eða Sandy Wexler.

Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Ég myndi örugglega taka með mér neyðarsendi (svo

ég geti fengið hjálp), eimingartæki (svo ég fengi hreint vatn) og eina hænu (svo ég geti fengið egg).

Hver er þinn helsti kostur? Mér finnst ég vera mjög umhyggjusamur.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Ég myndi örugglega velja að geta flögð. (Það myndi hjálpa mér í körfuboltanum).

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Að vera umhyggjusamur eða skemmtilegur.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Mig langar að fara út til Bandaríkjanna að spila körfubolta.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)? Já, ég æfi körfubolta á fullu og ætla að komast í NBA, svo er ég líka oft að leika mér að gera tónlist.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Guðsmaður eða afreksmaður.



## SÓLRISUMESSA - SÓLRISUKAFFI

Árleg sólrismessa í Sandgerðiskirkju sunnudaginn 9. febrúar kl. 14.00. Eldeyjarkórinn syngur undir stjórn Arnórs Vilbergssonar.

Sólriskaffi fyrir eldri borgara að messu lokinni í Samkomuhúsinu í Sandgerði kl. 15. Kvenfélagið Gefn í Garði sér um veitingar.

Kaffihlaðborð kr. 3.000,- á mann. Posi á staðnum.

Tónlistaratriði frá tónlistarskólum Garðs og Sandgerðis. Hljómsveitin Suðurnesjamenn spilar.

Félag eldri borgara á Suðurnesjum, Kvenfélagið Gefn, Eldeyjarkórinn og Sandgerðiskirkja.





„Við erum ekki hérna til þess að láta vaða yfir okkur“

# Það hefur vantað Keflavíkurhrokann

Stjórn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur og Pétur Ingvarsson komust í byrjun vikunnar að sameiginlegri niðurstöðu þess efnis að Pétur stígi til hliðar sem þjálfari meistaraflokks karla. Hinn leikreyndi Magnús Þór Gunnarsson hefur verið Pétri til aðstoðar í vetur og mun hann stýra Keflvíkingum í næsta leik þegar Keflavík tekur á móti ÍR í Blue-höllinni næstkomandi fimmtudag. Vikurfréttir slógu á þráðinn til Magga Gun, fyrrum stórskyttu Keflvíkinga, og heyrðu í honum hljóðið eftir breytingarnar.

Hvernig líst þér á þessar breytingar og að fá að stýra liðinu í næsta leik?

„Þetta er náttúrulega rosalega spennandi. Þetta er eitthvað sem maður hefur haft aftarlega í kollinum eftir að hafa verið með Pétri – en rosalega leiðinlegt að það sé við svona kringumstæður,“ segir Magnús sem er auglýsinga spenntur að fá tækifæri til að stýra liðinu. „Það er bara ein leið núna og hún er uppávið. Það er ekkert annað í boði.“

Það er eins og þú segir, þú ert búinn að vera með Pétri í vetur og kemur ekki glænýr inn í þetta, þekkir strákana vel. Sérðu einhverjar miklar breytingar framundan í leikskipulagi eða öðru?

„Nei, í raun og veru ekki. Ég er náttúrulega að fara að stjórna þessum leik á fimmtudaginn og svo veit maður ekkert hvað gerist meira

með það – en það eina sem ég ætla að ná út úr strákunum á fimmtudaginn er að við spilum saman og höfum gaman af þessu. Ýtum aðeins frá okkur og sýnum það sem hefur vantað hjá okkur, það hefur vantað Keflavíkurhrokann. Þannig að ég ætla að reyna að berja það í strákana núna á æfingum í þessari viku, ég byrjaði á því á æfingu á mánudaginn og held því áfram og vonast til að það skili okkur sigri á heimavelli á móti ÍR.“

Koma einhverju skapi í þá.

„Já, í raun og veru. Frekar að lemja frá okkur heldur en að láta lemja okkur.“

Óskrifað blað

Magnús átti langan og farsælan feril sem leikmaður en sem þjálfari er hann svolítið óskrifað blað og hann tekur undir það.

„En kannski það góða við mig er að sem leikmaður þá skildi ég leikinn mjög vel og ég veit að ég get verið góður þjálfari. Eins og ég segi, það er bara að fá tækifæri og nú er tækifærið komið og bara undir mér komið að sýna að ég geti þetta.“



Við erum með hörkulið í höndunum og það er bara að koma leikmönnum á sömu blaðsíðu, vera með smá stæla og vera kröftugir frá byrjun og spila af krafti í fjórutíu mínútur – þá geta góðir hlutir gerst.“

Þú ert kannski ekki að tala um að fara alla leið út í Deandre Kane stæla, er það?

„Nei, það mun allavega ekki gerast í þessum leik – en ef ég kem til með stjórna liðinu eitthvað áfram þá vonast ég til þess. Við þurfum að vinna okkur inn til að

## ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



vera með svoleiðis stæla. Aðeins að láta vita að við erum ekki hérna til þess að láta vaða yfir okkur. Eins og ég segi þá þurfum við að vinna okkur inn fyrir því og hingað til höfum við ekki gert það – en það byrjar á fimmtudaginn,“ sagði Maggi Gun ákveðinn að lokum og var þar með farinn til að berja Keflavíkurhrokann í liðið enda æfing í þann veginn að hefjast.

Gengi Keflavíkur hefur þótt óásættanlegt í vetur og situr liðið í niunda sæti eftir sextán umferðir. Það er staða sem stuðningsmenn sætta sig ekki við og höfðu háværar raddir verið meðal þeirra um að Pétur yrði látinn fara.

Í tilkynningu sem stjórn deildarinnar sendi frá sér á mánudag segir m.a.: „Pétur kom inn sem þjálfari á síðasta tímabili og óhætt að segja að hann hafi komið með ferskan blá og hafði strax mikil og jákvæð áhrif á klúbbinn í heild sinni. Hann stýrði liðinu til sigurs í VÍS-bikarnum sem var fyrsti bikartitill liðsins frá 2012. Að auki fór liðið alla leið í oddaleik undanúrslita Subway-deildarinnar. Stjórn deildarinnar vill þakka honum fyrir hans góðu störf og óskar honum alls hins besta í framtíðinni.“

**UMFÍ**

**LANDSMÓT**

**UMFÍ 50+**

**ÓLAFSFIRÐI & SIGLUFIRÐI**

**27-29. JÚNÍ**

Blanda af íþróttakeppni og afþreyingu fyrir 50 ára og eldri. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþrótt- eða ungmennafélag til að taka þátt.

UÍF Fjallabyggð ALLT UM MÓTIÐ UMFÍ.IS

**Störf í boði hjá Reykjanesbæ**

**Störf í leik- og grunnskólum**

**Akurskóli** - Kennari, sérkennari eða sérfræðingur  
**Heilsuleikskólinn Heiðarsel** – Leikskólakennarar/starfsfólk  
**Holtaskóli** – Aðstoðarskólalastjóri

**Önnur störf**

**Velferðarsvið** - Félagsráðgjafi í Virkni- og ráðgjafarteymi  
**Velferðarsvið** - Starfsfólk á heimili langveikrar stúlku  
**Velferðarsvið** - Þjónustukjarni Suðurgötu  
**Velferðarsvið** - Starfsmaður í vettvangsstarf hjá Virkni- og ráðgjafarteymi  
**Umhverfis- og framkvæmdasvið** - Verkefnastjóri hjá byggingafulltrúa

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.

REYKJANESBÆR Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS

JAFNALIÐNAFOTTUN 2023 - 2026



# GS#9 veitt gullmerki Keflavíkur

## Guðmundur Steinarsson heidraður fyrir framlag sitt til Keflavíkur

Á aðalfundi knattspyrnudeildar Keflavíkur í síðustu viku var Guðmundur Steinarssyni, einum ástsælasta knattspyrnumanni Keflavíkur, veitt gullmerki deildarinnar fyrir framlag hans til knattspyrnudeildarinnar og félagsins alls.

Guðmundur er markahæsti og leikjahæsti leikmaður Keflavíkur karla í efstu deild og vann bæði silfur- og gullskó KSÍ ásamt því að vera valinn leikmaður Íslands-mótsins 2008.

Böðvar Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, afhenti Guðmundi gullmerkið og sagði við tilefnið að nú ætti að veita einum af bestu sonum Keflavíkur heiðursmerkið. Ræðu Böðvars má sjá hér að neðan.

„Eins og oft er gert á aðalfundum deilda og félaga ætlum við að veita einum af okkar bestu sonum heiðursmerki á þessum fundi fyrir



Böðvar Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, afhenti Guðmundi Steinarssyni gullmerki deildarinnar. Mynd: Keflavík/JPK

ómetanlegt framlag í þágu deildarinnar og félagsins í gegnum tíðina.

Oft er það svo, að heiðursmerkja-veiting verður hálfgerð kveðjugjöf, veitt þeim einstaklingum sem hættir eru afskiptum af málum félagsins – en í þessu tilfalli er það ekki svo og vonandi fáum við áfram að njóta bæði þekkingar og krafta hans áfram um mörg ókomin ár.

Sá sem um er rætt er bæði markahæsti og leikjahæsti leikmaður Keflavíkur karla í efstu deild, lék 255 leiki í efstu deild á Íslandi og skoraði í þeim 81 mark. Samtals á hann þó skráða 415 leiki hjá KSÍ í öllum keppnum og deildum og 149 mörk. Hann lék 22 landsleiki fyrir Íslands hönd, þar af þrjá A-landsleiki.

Hann fékk silfurskóinn árið 2000 og gullskóinn 2008 þegar hann var jafnframt valinn leikmaður Íslands mótsins.

Ég reikna með að flestir séu búnir að átta sig á hverjum hér er lýst – GS#9 – Guðmundur Steinarsson.

Guðmundi er hér með veitt gullmerki knattspyrnudeildar Keflavíkur með þökk fyrir allt sem hann hefur gert fyrir deildina og félagið í gegnum tíðina.“



Guðmundur Steinarsson á fleygiferð í leik gegn Þrótti tímabilið 2008. Mynd úr safni VF

## 1X2 „DRUMAD Á PRETTÁN“

# Málarinn ýtti unga þjakknum til hliðar

Jón Ragnar Magnússon hefur lokið leik í tippaleik Víkurfrétta en hann stóð sig vel, er kominn í annað sætið með 26 leiki rétta. Það var hörkuleikur milli Jóns og áskorandans, Brynjar Hólm Sigurðssonar og var greinilega lagt upp með varnarleik hjá báðum tippurum. Leikurinn endaði 7-7 en Brynjar vann með þrjá leiki rétta í leikjum með einu merki, á móti tveimur réttum Jóns Ragnars. Brynjar mætir Friðriki Bergmannssyni næst.

Friðrik tók fyrstu spor sín í Vestmannaeyjum en flúði eldgosíð '73 og hefur verið helblár Keflvíkingur allar götur síðan.

„Mamma og pabbi settust að í Keflavík og við kunnum það vel við okkur að við snérum ekki til baka til Eyja. Ég á skyldfólk þar og það er alltaf stutt í Eyjatauginna í mér en Keflavík er og verður minn staður. Ég spriklaði eitthvað í fótbolta upp yngri flokkana og átti síðan farsælan feril í utandeildinni með liðum eins og Leirunni, Mæðrasönnum og Höfnum. Ég er ennþá að sprikla í boltanum, nú með old boys í Keflavík. Ég vinn sem sundlaugarvörður í Vatnaveröld og fylgist alltaf vel með íþróttalífnum í Keflavík.

Ég hef alltaf verið gallharður áhugamaður um enska boltann og

valdi mér þá svarthvítu röndóttu í Norður-Englandi, Newcastle. Ég heillaðist af Paul Gascoigne, var svekktur þegar hann fór til Tottenham en fróðlegt hefði verið að sjá hvernig Alex Ferguson hefði tekist að temja dýrið í honum, ef hann hefði farið til Manchester United. Við vorum flottir þegar Kevin Keegan gerði okkur næstum að Englandsmeisturum '96, ég græt mig nánast ennþá í koddann stundum yfir að hafa misst United fram úr okkur á lokasprenningnum! Það voru mögur ár þegar Mike Ashley mergsaug klúbbinn en þetta lítur betur út núna, við erum á réttri leið held ég.

Ég hef ekki mikið tippað að undanfögnu og þess vegna er gaman að mæta til leiks og rifja upp taktana. Ég er ekki mættur til að tjalda til einnar nætur, ætla mér að sjálf-sögðu sigur um helgina,“ sagði áskorandinn Friðrik.

### Strax búinn að toppa meðeiganda sinn

„Fyrsta takmark hjá mér var að toppa Sverri Þór, næsta takmark er auðvitað að sigla mér nálægt toppnum en ég þarf að taka einn leik í einu. Þetta var hörku rimma milli okkar Jóns, hann er greinilega hörku tippari og efnilegur en þarna

kom reynsla mín að góðum notum. Yrði ég ekki sá fyrsti í sögunni til að vinna tippaleik Víkurfrétta tvisvar sinnum? Það er svipaður sláttur á mér og mínum mönnum í Liverpool, við stefnum rakkleitt á titilinn og ég ætla mér alla leið á Wembley í vor,“ sagði Brynjar.



Seiðill helgarinnar	Brynjar	Friðrik
Brighton - Chelsea	1X2	1X2
Birmingham - Newcastle	2	2
Everton - Bournemouth	1X	1
Coventry - Ipswich	12	1X
Southampton - Burnley	12	1
Wigan - Fulham	2	2
Preston - Wycombe	1	1X
Stoke - Cardiff	1X2	1X2
Norwich - Derby	1	1
Sheff.Utd. - Portsmouth	1	1
Burton Albion - Blackpool	2	1X
Lincoln - Cambridge Utd.	1	1
Rotherham - Shrewsbury	1	1



# ALMAR VIKTOR ÞÓRÓLFSSON ÍÞRÓTTAMAÐUR SUÐURNESJABÆJAR 2024

Val á íþróttamanni ársins í Suðurnesjabæ var kynnt í Tónlistarskólanum í Garði á fimmtudag í síðustu viku. Sjö íþróttamenn voru tilnefndir en það var aksturíþróttamaðurinn Almar Viktor Þórólfsson sem hlaut nafnbótina íþróttamaður Suðurnesjabæjar árið 2024.

Við sama tilefni var viðurkenning fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþrótt- og tómsundamála veitt en það var Oddur Jónsson sem hlaut þá viðurkenningu. Oddur hefur starfað sem sjálfbóðaliði í Björgunarsveitinni Ægi í Garði í heil 40 ár og sinnt þar fjölbreyttum hlutverkum af mikilli elju og förnýsi. Oddur Jónsson er einstök fyrirmynd sjálfbóðaliða, og með framlagi sínu hefur hann haft mótandi áhrif á starf sveitarinnar og samferðafólki sitt.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri, bauð gesti velkomna og flutti ávarp þar sem hann fagnaði því efnilega íþróttafólki sem býr í Suðurnesjabæ og lagði áherslu á mikilvægi þátttöku í íþróttum- og tómsundum. Svavar Grétarsson, formaður íþrótt- og tómsundaráðs, afhenti verðlaunin sem og viðurkenningar til þeirra sem hlutu tilnefningar til íþróttamanns ársins 2024.

Í tilefni af kjöri íþróttamanns ársins var boðið upp á tvö tónlistaratriði frá tónlistarskólum bæjarins, ungir og upprennandi tónlistarmenn stigu á stökk og gerðu athöfnina enn eftirminnilegri. Aksturíþróttamaðurinn Almar Viktor Þórólfsson hlaut titilinn íþróttamaðurinn ársins 2024 í Suðurnesjabæ. Almar varð Íslands-



Sjálfbóðaliði ársins, Oddur Jónsson.

meistari í AB-varahlutaflokki rallýs 2024. Hann hefur keppt sem öku- maður síðan 2017 og tryggði sér titilinn með hámarksstigum í þremur af fjórum keppnum ársins. Auk árangurs í rallý er hann þekktur fyrir aðstoð við aðra keppendur, hvort sem það er viðgerðir eða að lána búnað svo að keppinautar geti haldið sér í keppni. Hann er hvetjandi og hjálpsamur, góður liðsmaður.

Eftirfarandi íþróttamenn voru hlutu einnig tilnefningu og viðurkenningu fyrir góðan árangur árið 2024:

- Ástvaldur Ragnar Bjarnason (boccia)
- Daníel Arnar Ragnarsson Viborg (taekwondo)
- Orfeus Andreoues (handknattleikur)
- Sigurður Guðmundsson (golf)
- Sindri Lars Ómarsson (knattspyrna)
- Salóme Kristín Róbertsdóttir (knattspyrna)



## Frábær árangur hjá Keflavíkurstúlkum

Fimleikasamband Íslands hélt Þrepamót 2 um helgina þar sem keppt var í fjórða og fimmta þrepi og átta Keflavík margar flottar stelpur á mótinu.

Stelpurnar stóðu sig allar rosalega vel og nokkrar náðu þrepinu sínu með 56 stig plús en það voru þær Ester María Hólmarsdóttir, Júlía Sif Gísladóttir, Snædís Lind Davíðsdóttir og Kara Sif Valsdóttir. Ester María var jafnframt næstefst á gólfi í fimmta þrepi með einkunnina 15,300.

Einnig kepptu fjórar stúlkur í fjórða þrepi og stóðu þær sig með þryði. En þar má segja frá að Fanney Erla Hrafnkelsdóttir var einungis 0,05 stigum frá því að ná þrepinu. Hún var einnig þriðja efst á tvislá í fjórða þrepi.

Einungis eru veitt verðlaun fyrir að ná þrepi í fjórða og fimmta þrepi fimleikastigans.



# Sjö, níu, þrettán!

Nei, nú held ég að þjálfarinn sé genginn af göflunum. Hvað gengur mannum til að taka slíka áhættu í svo mikilvægum leik! Ég þrí augun til þess að sjá betur á skjáinn. Nei! Ég er handviss um að skyrtan hans sé ekki í þeim lit sem hún ætti að vera. Fer yfir litastillingarnar á imbanum. Jú jú, allt í góðu þar.

LOKAORD



ÍRISAR VALSDÓTTUR

Ég get svo svarið fyrir það (á inn-soginu)... skyrtan er gul... eða kremud... kannski hvít. En græn er hún ekki! Leikurinn sem um ræðir endaði reyndar með sigri Njarðvíkinganna, en litlu mátti muna! Hvar er græna skyrtan?! Er hún týnd? Er hún horfin? Eða kannski ónýtt?

Það er svo skemmtilegt hvað við erum fordæmalaust hjátrúarfull þjóð, svona upp til hópa. Hvort sem það eru svartir kettir, brotnir speglar eða sjö, níu, þrettán með þreföldu banki í viðarplötu. Ekki má heldur gleyma okkar þjóðþekktu föstudögum til fjár og laugardögum til lukku. Allar regnhlífarnar kirfilega samanbrotnar innanhúss og öllum gestum fylgt til dyra svo að vitið haldist í húsinu. Og talandi um hús, þá skal að sjálfsgöðu hafa saltið, brauðið og biblíuna meðferðis þegar flutt er

í nýtt hús. Restinni af saltinu má svo kasta yfir öxlina við matseld til að tryggja hamingju og heilbrigði.

Í janúarmánuði fylgdist þjóðin með strákunum okkar á Heimsmeistaramótinu í handbolta. Þá fyrst fer okkur að kitla í hjátrúar-taugarnar. Sigga frænka kom í heimsókn þegar Ísland sigraði Slóveníu. Hún varð því að gjöra svo vel og mæta aftur í næsta leik á eftir, sem hún og gerði, og viti menn, Ísland vann líka leikinn gegn Egyptalandi. Í leiknum á móti Króótunum mætti hún hins vegar ekki, sem skýrir væntanlega gengi liðsins þann daginn. Takk Sigga.

Hjá nággranna mínum voru álíka skrípalæti uppi á teningnum. Heimilisfaðirinn í glænýjum Íslands-sokkum og tengdafaðir hans horfði á handboltann með öðru auganu. Vonarstjórur Íslands svoleiðis rúlluðu leikjunum

upp. Á þeim bænnum mátti því heldur ekki breyta neinu, svona til öryggis. Úr varð að tengdapabbinn sá ekki nema hálfmótíð og sokkarnir góðu dönsuðu eftir gólfinu við hvert mark. Þeir fóru reyndar beinustu leið í ruslið þegar ljóst var í hvaða stefndi en það er önnur saga.

Einhverjir eflaust þruga sig sæla að vera lausir við slíkan hégóma. Voru kannski með hugann við það að fyrir heilum 17 árum síðan fylgdu með með gráspengdum þjálfara liðsins etja kappi á sömu stórmótum, vonarstjórnnunni herna í gamla daga. Átta sig svo á því hvað tíminn er allt of fljótur að líða. Þá læðast ónotatilfinningarnar aftur að þeim og þeir þora ekki öðru en að fylgja óskrifuðum reglum hindurvítna. 7 - 9 - 13. Bank, bank, bank.



Mundi

Það var líka eitthvað „bank, bank, bank“ á þorralóttinu hjá grænum.

## Eldgosaviðvörðunarkerfið tilnefnt til UT-verðlauna

Sjálfvirkt eldgosaviðvörðunarkerfi, sem auðlindastýring HS Orku hefur þróað, er tilnefnt til UT-verðlauna Ský í ár. Viðvörðunarkerfið er fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Hugbúnaðurinn í kerfinu les inn gögn sem send eru á hverri mínútu frá þrýsti- og hitamæli sem staðsettur er á 850 metra dýpi í borholu 12 í Svartsengi. Hugbúnaðurinn greinir því næst gögnin og ef þrýstimerkið bendir til þess að kvika sé á hreyfingu eru sjálfvirk viðvörðunarskilaboð send til Veðurstofu Íslands. Viðvörðunarkerfið hefur reynst afgerandi í því að upplýsa Veðurstofuna og Almannavarnir um yfirvofandi eldgos og er kerfið nýtt þar við ákvarðanir um rýmingar.

Verðlaunin verða afhent á UT-messunni í Hörpu föstudaginn 7. febrúar næstkomandi. Átján vinnustaðir og verkefni eru tilnefnd að þessu sinni en verkefni HS Orku er eitt þriggja í flokknum stafræn

opinber þjónusta. UT-verðlaunin eru veitt fyrir mikilvægt framlag til upplýsingatækni á Íslandi og eru nú veitt í sextánda sinn. Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, veitir verðlaunin í ár.

Ský er félag fyrir fólk og fyrirtæki í upplýsingatækni. Félagið er opið öllum og rekið án hagnaðarmark-

miða en meðlimir eru um 1.100 talsins. Ský var stofnað árið 1968 og hlutverk þess er að miðla þekkingu milli fólks sem starfar við eða hefur áhuga á upplýsingatækni. Ský starfrækir einnig fjórtán faghópa og stendur árlega fyrir tugum fjölbreyttra viðburða um tækni og UTmessuna, sem þúsundir sækja.



Dr. Lilja Magnúsdóttir, deildarstjóri auðlindastýringar HS Orku, lengst til vinstri í viðtali hjá RÚV síðastliðinn vetur við borholu 12 í Svartsengi.



Á verkstað í nýbyggingu orkuversins í Svartsengi. Frá vinstri: Kristinn Harðarson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, Sunna Björg Helgadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs, Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis- orku og loftslagsráðherra, Tómas Már Sigurðsson, forstjóri og Lárus M.K. Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra.

## Nýr ráðherra heimsækir Svartsengi

Jóhann Páll Jóhannsson, nýr ráðherra umhverfis, orku og loftslagsmála, heimsótti orkuverið í Svartsengi í liðinni viku ásamt 35 manna hópi starfsfólks ráðuneytisins. Var hópurinn í vettvangsferð um Reykjanes.

Gestirnir fengu yfirgripsmikla kynningu á starfsemi þar sem meðal annars var sagt frá stækkun og endurbótum orkuversins í Svartsengi og þeim áskorunum sem hafa fylgt eldsumbrotunum í Sundhnúksgígum. Einnig var sagt frá stórum þróunarverkefnum sem HS Orka vinnur að en það eru einkum jarðhitavinnsla í Krýsuvík ásamt Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum, í gegnum dótturfélagið VesturVerk.

Framkvæmdirnar við stækkun og endurbætur orkuversins í Svartsengi eru langt komnar og fengu gestir bæði að skoða sig um

í eldri hlutum orkuversins og á framkvæmdasvæðinu.

Orkuverið í Svartsengi hefur verið byggt upp í sex áföngum og var fyrsti hluti þess tekinn í notkun árið 1976. Yfirstandandi framkvæmdir eru því í reynd sjöundi áfanginn í uppbyggingu orkuversins og gera áætlanir ráð fyrir gangsetningu í lok þessa árs. Tvö af eldri orkuverunum verða tekin úr notkun þegar hið nýja kemst í gagn.

Í dag er framleiðslugeta Svartsengis um 66MW en áætlað er að hún geti aukist um allt að 20MW með stækkuninni.



Land Gauksstaða er innan hringsins sem dreginn hefur verið á myndinni.

## Gefa sér lengri tíma til að meta öll gögn í deiliskipulagi Gauksstaða

Fjöldmargar athugasemdir og umsagnir bárust um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gauksstaði í Garði en athugasemdafresti vegna deiliskipulagstillögunnar lauk 31. desember 2024. Alls barst 41 athugasemd og umsagnir við tillöguna auk þess sem undirskriftalisti fylgdi einni athugasemdinni frá fjölda íbúa.

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar segir að yfirferð og mat gagna vera umfangsmikla og mun ráðið og skipulags- og umhverfissvið gefa sér lengri tíma til að meta öll gögn málsins. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Silkimött íslensk innimálning fyrir stofur, herbergi, skrifstofur og fleira.



Björt er silkimött akrýlmálning sem gefur jafna og fallega áferð. Auðveld í notkun með góða viðloðun og þekur vel.

SLIPPFÉLAGIÐ Opíð:  
Hafnargötu 54 8-18 virka daga  
Reykjanesbæ 10-14 laugardaga  
S: 421 2720 slippfelagid.is

